

Brúin milli tveggja heima. Um hlutverk trúar og kirkju meðal Vestur-Íslendinga

Móeiður Júníusdóttir

Austur-Íslendingar tóku snemma að velta því fyrir sér hvers vegna trú- og kirkjumál urðu svo heitt málefni meðal landa þeirra í Vesturheimi sem raun bar vitni. Dæmi um þetta má til að mynda finna í fyrirlestri Einars Hjörleifssonar um Vestur-Íslendinga sem hann flutti í Reykjavík árið 1895. Í fyrirlestrinum fjallar Einar m.a. um það sem hann kallar „kirkjubrefið hið vestra“. Hann lýsir upplifun sinni af trúarlegu andrúmslofti Vesturheims og bendir jafnframt á þrjár megin ástæður og orsakir fyrir deilunum. Í fyrsta lagi hina sterku mótspyrnu sem myndast hafi gegn kirkju og kristindómi í Vesturheimi, í öðru lagi hina mun víðtækari félagslegu þýðingu kirkjunnar ytra en t.d. á Íslandi. Loks bendir hann á hið mikilvæga hlutverk kirkju Vestur-Íslendinga sem öflugasta vörðinn fyrir íslenskt þjóðerni í nýja heiminum.¹ Margt er hér eftirtektarvert, þó ekki síst, hvernig Einar leitast við að meta og skoða málin út frá amerísku samhengi en tilhneiging til hins íslenska sjónarhorns hefur að sumu leyti loðað við umfjöllun um gróskumikið og umhleyplingasamt trúar- og kirkjulíf Vestur-Íslendinga. Ýktasta mynd þess í gegnum tíðina eru t.d. skýringar á borð við óvenjulega þrætugleði Íslendinga eða einhvers konar sérstakt íslenskt skapferli. Þótt vissulega geti þar falist sannleikskorn bendir margt til þess að skýringar séu að miklu leyti samofnar því kjarnlæga hlutverki sem trú og kirkja gegndi í aðlögun Vestur-Íslendinga að amerísku samfélagi. Í þessu erindi verður leitast við að varpa ljósi á það hlutverk.

Skýringarmódel

Oft er rætt um innflutning fólks til N-Ameríku sem hina „amerísku reynslu“. Með því vísast til þeirrar klassísku hugmyndar að innflutningur fólks sé í eðli sínu „guðfræðileg reynsla“.² Samkvæmt þeirri hugmynd felur innflutningurinn í sér ferli sjálfsskilgreiningar þar sem innflytjendur leitast við að tengja lífið í nýjum aðstæðum við æðri köllun af einhverju tagi. Þessi áhersla endurspeglast víða í

¹ Einar Hjörleifsson 1895: *Vestur-Íslendingar. Fyrirlestur*. Reykjavík: bls. 26-27.

² Smith, Timothy L. 1978: „Religion and Ethnicity in America.“ *The American Historical Review*, 83: bls. 1181.

prédikunum og ræðum séra Jóns Bjarnasonar, frumherja og eins áhrifamesta leiðtoga í kirkjumálum Íslendinga vestan hafs. Skal hér tekið dæmi:

Svo framarlega sem vér Íslendingar höfum átt nokkurt erindi til Ameríku, þá eigum vér ekki að hverfa hér í mannlífinu eins og dropi í sjóinn. Vér eigum að gjöra þjóðlífinu hér eitthvert sérstakt gagn, veita þessu landi einhvern dálítinn andlegan arf eftir oss. Vér eigum að flytja hið bezta úr íslenzku þjóðerni inn í mannlífið hér. Það er guðleg köllun vor. Og til þess að fullnægja þeirri köllun gefr vor eigin lúterska kirkja oss hæfilegleika. Hyrfi fólk vort úr lútersku kirkjunni eftir að komið er til þessa lands, þá yrði ekkert úr oss sem þjóðflokki. Það yrði þá ekkert til að halda þessum fámenna Íslendingahópi saman; vér gliðnuðum allir í sundr andlega, og aðalætlunarverk vort hér í landinu yrði óunnið. Og þá væri betr heima setið en að heiman farið.³

Orð Jóns endurspeglar ólíkar orðræður þar sem tvær meginhugmyndir takast á. Hér birtist glöggt hin lífsseiga hugmynd um Ameríku sem eins konar útvalinn menningarlegan suðupott þar sem hlutverk innflytjendanna er að leggja til nauðsynlegt hráefni. Á hinn bóginn svífur yfir vötnum andi hugsýnar um einingu hópsins þar sem tengsl trúar, kirkju og menningar eru undirstrikuð þannig, að vert er að gefa nánari gaum.

Spurningin um eðli þessara tengsla þ.e.a.s. sambandið milli trúarbragða annars vegar og innflutnings fólks hins vegar hefur öðlast aukið vægi í samtímanum, ekki síst í N-Ameríku. Í kjölfar hinnar nýju innflytjendabylgju sem hófst þar um miðjan 7. áratug síðustu aldar hefur flóra trúarbragða aukist verulega og innflytjendakirkjur sprottið upp í kjölfarið. Þessi gróska hefur beint athygli rannsakenda að félags-sálfræðilegum ávinningi trúarlegrar þátttöku í aðlögun innflytjenda að amerísku samfélagi og félags-hagfræðilegu hlutverki þessara kirkna þeirra.⁴ Eitt af þeim hugtökum sem nýtt hafa verið til þess að varpa ljósi á þetta hlutverk er félagsauðshugtakið (e. social capital) sem rekur uppruna sinn til franska félagsfræðingsins og heimspekingsins Pierre Bourdieus.⁵ Litið er innflytjendakirkjurnar sem félagsgerðar (e. structural) fyrirbæri þar sem félagsleg tengsl og félagsnet veita einstaklingum og hópum aðgengi að björgum (e. resources). Sú kenning liggur til grundvallar að

³ Jón Bjarnason 1889: „Hvað það þýðir fyrir Íslendinga að standa í lútersku kirkjunni“. *Sameiningin*, 4. árg. 2. tbl., bls. 19. Winnipeg.

⁴ Sjá t.d. Charles Hirschman „The Role of Religion in the Origins and Adaption of Immigrant Groups in the United States.“ *IMR* Volume 38 Number 3 (Fall 2004): bls. 1206-1233.

⁵ Sjá t.d. umfjöllun um hugtakið í Sjöfn Vilhelmsdóttir og Gunnar Helgi Kristinsson 2010: „Félagsauður. Skilgreining og mæling“. *Þjóðarspejillinn* 2. Rannsóknir í félagsvísindum XI. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2010, bls. 29-38.

kirkjurnar gangi í gegnum mismunandi tímasteið sem einkennast af tilteknu hlutverki. Einkum er greint á milli tvenns konar hlutverks í þessu sambandi, annars vegar að binda félagsauð, sem felst í sameiningarhlutverki — að kirkjan sé þjónustumiðstöð — eins konar heimili eða fjölskylda að heiman, þar sem lögð er áhersla á hinn sameiginlega þjóðernislega bakgrunn, tungu og menningu. Hins vegar felst það á seinni stigum í því að brúa félagsauð, sem felst aftur á móti í viðleitni til þess að tengja hópinn við menningu hins nýja samfélags. Sú viðleitni krefst þess að móðurtungan víkji fyrir nýja tungumálinu, og að sjálfsmynd kirkjusafnaðanna byggist fyrst og fremst á trúarkenningum fremur en efnískum sérkennum. Þetta getur verið sársaukafullt stig þar sem böndin milli trúar, tungumáls og sjálfsmyndar safnaðarins eru rofin. Ferlinu mætti lýsa sem umskiptum innflytjendakirkju yfir í ameríska kirkju.⁶

Þessar kenningar byggja að miklu leyti á klassísku skýringarmódeli fræðimannanna Oscar Handlin og Will Herberg frá miðri síðustu öld. Í grundvallarritinu *The Uprooted* lagði bandaríski sagnfræðingurinn Handlin áherslu á hið sálræna áfall, bæði persónulega og félagslega, sem evrópskir innflytjendur til N-Ameríku á 19. öld urðu fyrir í kjölfar brottflutningsins og tengir það við hið trúarlega. Handlin telur að hin ákafa þörf innflytjendanna til þess að ljá þeirri ákvörðun sinni, að segja skilið við fortíðina og yfirgefa heimkynni sín trúarlegri merkingu, hafi legið að baki þeirri ríku áherslu sem bæði leikmenn og prestar meðal innflytjendanna lögðu á trúarleg félagasamtök. Hann rekur áhugann þannig til hinna gríðarlegu sálrænu áskorana sem landnemarnir stóðu frammi fyrir í nýjum aðstæðum og beinir kastljósinu að hinum félags-sálfræðilega þætti — hvernig aðskilnaðurinn frá félagsneti bernskustöðvanna þandi alla tilfinningastrengi til hins ýtrasta. Erfiðleikar, s.s. aðskilnaður frá ástvinum, hverful vinátta og einmanalegar andvökunætur í skugga sjúkdóma, atvinnuleysis og höfnunar á ýmsum sviðum leiddu af sér djúpstæðar andlegar krísur. Á slíkum andartökum virtist vonin og hinn fastmótaði rammi sveitakirkjunnar, prestsins og hinna föstu trúarhefða bernskustöðvanna í órafjarlægð. Samt sem áður krafðist knýjandi tilvistarspurning einstaklingsins og ringulreið þess síðrofs sem innflytjendurnir upplifðu í nýjum aðstæðum trúarlegrar útskýringar. Samkvæmt Handlin var þær að finna í trúarbrögðum gamla heimalandsins. Og ástæðan var sú að þau ein lifðu af flutninginn yfir hafið á meðan rof varð frá öllum öðrum þáttum hins gamla lífs. Í gegnum trúararf sinn og kirkju héldu innflytjendurnir tengslum við fortíðina og gamla heiminn. Jafnframt fundu þeir þar nauðsynlegan grundvöll hins nýja lífs. Kjarni röksemdarfærslu Handlin er m.ö.o. sá að trúarbrögð innflytjendanna hafi gegnt því þýðingarmikla hlutverki að brúa bilið milli

⁶ Ley, David 2008: „The Immigrant Church as an Urban Service Hub.“ *Urban Studies*. 45(10), bls. 2057-2074.

tveggja ólíkra heima.⁷ Sálfræðirannsóknir á eðli og hlutverki trúarreynslunnar í aðlögun innflytjenda að nýjum menningarheimum hafa á síðustu árum ennfremur rennt stoðum undir þetta „brúarhlutverk“ trúarbragðanna. Borið hefur verið kennsl á virkni þeirra í þessu sambandi sem nokkurs konar „illúсионístískan“ eða dínamískan skynheim sem sér fyrir mikilvægu jafnvægi milli sjálfheims einstaklinga annars vegar og raunheims hins vegar. Lögð er áhersla á nauðsynleg tengsl menningar og trúar í ferlinu og skírskotað er til sálrænnar og félagslegrar víddar þessa skynheims í senn. Sjónum er beint að því hvernig hið menningarlega samhengi gerir trúarreynslunni kleift að virka á þann hátt að menningin nærri hana á tilteknum sviðum.⁸

Löngum hefur verið bent á sérstakt mikilvægi hinnar félagslegu víddar trúarbragðanna fyrir innflytjendur í fjölhyggju- og fjölmenningsamfélagi N-Ameríku. Trúarbrögðin hafa þar verið, og eru raunar enn, þrátt fyrir gagnstæðar spár þess efnis, grundvallandi tjáningarform sérkenna hinna ýmsu ólíku menningarkima.⁹ Rekja má þetta öðru fremur til þeirrar trúfrelsis stefnu sem mörkuð var með bandarísku stjórnarskránni 1787 þar sem kveðið var á um algeran aðskilnað ríkis og kirkju. Sú stefna skapaði að ýmsu leyti þá amerísku hefð að takast á við og túlka veruleikann á forsendum trúarinnar með ríkri áherslu á hið siðræna og praktíska. Trúarbrögðin urðu leið innflytjendanna til þess að skapa sér tilvistargrundvöll í nýjum og oft fjandsamlegum aðstæðum. Þau sáu fyrir nauðsynlegum félagslegum ramma og reglum sem þó þörfnuðust vissulega oft endurbóta. Segja má að trúarbrögð innflytjenda hafi af þessum sökum orðið mikilvægur farvegur ferlis sjálfsskilgreiningar einstaklingsins og hópsins. En samkvæmt klassískri útlistun bandaríska guðfræðingsins Will Herberg á innflytjendum og trúarbrögðum í N-Ameríku sem hann setti fram í grundvallarritinu *Protestant, Catholic, Jew* og byggir að ýmsu leyti á rökum Handlin, afmarkaði þetta sjálfsskilgreiningarferli fyrsta stig aðlögunar innflytjenda að amerísku samfélagi þar sem eþniskar kirkjur þeirra þjónuðu lykilhlutverki sem samfélagslegt hreyfiafl kynslóðanna.¹⁰

Samkvæmt skýringarmódeli Herberg/Handlin sem stutt er af mörgum dæmum bæði nýlegum og eldri, verða nýjir innflytjendur trúhneigðari eftir komu sína til N- Ameríku til þess að viðhalda menningarlegri samfellu í kjölfar brottflutnings. Endurspeglast þetta ljóslega í því að það

⁷ Handlin, Oscar 1973[1951]: *The Uprooted*. Second Edition. Boston: Little, Brown and Company.

⁸ Demarinis Valerie og Grzymala-Moszczyńska, Halina 1995: „The nature and Role of Religion and Religious Experience in Psychological Cross-Cultural Adjustment: Ongoing Research in the Clinical Psychology of Religion.“ *Social Compass* 42: bls.121-135,

⁹ Chong, Kelly H. 1998: „What it means to be Christian: The Role of Religion in the Construction of Ethnic Identity and Boundary among Second- Generation Korean Americans.“ *Sociology of Religion*, 59 (3): bls. 283.

¹⁰ Herberg, Will 1960: *Protestant-Catholic-Jew. An Essay in American Religious Sociology*. Revised edition. Anchor Books, Garden City, New York.

fyrsta sem innflytjendur gera er að stofna sína eigin kirkju andspænis þeim breytingum og þeim áskorunum sem þeir standa frammi fyrir á öðrum sviðum mannlífsins. Ef þeir finna ekki fyrir kirkju sem gundvallast á trúarhefð þeirra og tungumáli er ameríska hefðin sú að stofna sína eigin. Skuldbinding, helgisíðafesta og þátttaka verður þó almennt meiri í hinum amerísku fjölmennings- og fjölhyggjuaðstæðum en í upprunalandinu. Kenningin er í hnotskurn sú að innflytjendurnir verði Ameríkanar í gegnum aðild sína að þessum innflytjendakirkjum.

Trú og kirkja meðal Vestur-Íslendinga – fjölþætt og víðtækt brúarlutverk

Módel Herberg/Handlin getur verið gagnlegt til þess að varpa ljósi á blómlegt og gróskumikið trúar- og kirkjulíf Vestur-Íslendinga. Skal nú vikið nánar að því. Líkt og meðal hinna ótalmörgu ólíku innflytjendahópa sem streymdu til N-Ameríku á síðari hluta 19. aldar og við upphaf þeirrar 20. leituðust íslensku landnemarnir vestanhafs býsna fljótt við að koma á skipulagðri kirkjustarfsemi íslenskrar kristni. Þó var sú viðleitni ákveðnum vandkvæðum bundin sökum þess hve mjög sá félagslegi veruleiki, sem við þeim blasti, var ólíkur þeim er þeir áttu að venjast að heiman. Það Ísland sem þeir skildu við var kyrrstætt bændasamfélag, þar sem menning var einsleit og ein hefð lúterskrar þjóðkirkju ríkti. Jafnframt spilaði fleira inn í. Þótt íslenska kirkjan hefði lifað góðu lífi sem kirkja þjóðarinnar í sveitum og nyti sjálfstæðis og frelsis, lifði hin miðlæga kirkjustjórn öðru lífi sem óaðskiljanlegur hluti af danska embættismannakerfinu.¹¹ Að ýmsu leyti var íslenska kirkjan undir lok 19. aldar því líkari ríkiskirkju a.m.k. hvað hið ytra snertir. Þau einkenni komu betur í ljós og voru í auknum mæli talin gagnrýniverð þegar íslensku landnemarnir, með öflugum leiðtoga í fararbroddi, tóku að hasla sér völlum vestra og endurskapa þá þjóðkirkju sem þeir þekktu að heiman í nýjum aðstæðum sem kölluðu á nýstárlegt fríkirkjufyrirkomulag og framandi grasrótar- og lýðræðishugsun. Og það var síður en svo á vísan að róa.

Engin lútersk kirkja var fyrir í Winnipeg þegar Íslendingar komu þangað fyrst og menn gerðu sér fljótt grein fyrir því að hinn lúterski evangelíski trúararfarur átti í vök að verjast. Þótt ýmsir kunni að hafa litið á landnám í nýjum heimi sem gullið tækifæri til þess að losna undan hinn lútersku „ríkiskirkju“ og almennt undan yfirráðum Dana var meginþorrinn á þeirri skoðun að varasamt væri að tapa hinum íslensku sérkennum og trúararfi í nýjum aðstæðum.¹² Túlka þurfti hinn íslenska

¹¹ Pétur Pétursson 2009: *Þjóðkirkjan og lýðræðið*. Kjalarnessprófastsdæmi: bls. 30.

¹² Valdimar J. Eylands 1977: *Íslensk Kristni í Vesturheimi*: bls. 20-21. Þjóðkirkja Íslands, Reykjavík.

kristna trúararf inn í samhengi fjölmenningar og trúarlegrar fjölhyggju og fljótlega kom í ljós að menn voru alls ekki sammála um þá túlkun. Meginspursmálið var, að hve miklu leyti tekið skyldi mið af gildum og viðhorfum hins nýja heims. Líta má á trúardeilurnar á frumbýlingsárunum í Nýja Íslandi, þar sem fóru fremstir í flokki þeir séra Páll Þorláksson og séra Jón Bjarnason, sem nokkurs konar upptakt að því er síðar kom í þessum efnum. Í raun var þar tekist á um það grundvallaratriði hvort Íslendingar skyldu ganga inn í norsku lútersku kirkjuna í Ameríku eða stofna sína eigin sem varð og niðurstaðan — enda í samræmi við hina amerísku hefð.

Tveir andstæðir hópar mynduðust fljótt og eftirtektarvert er að báðir töldu sig standa á sama kenningagrunni og íslenska þjóðkirkjan. Annars vegar voru það þeir sem héldu fram hefðbundinni lúterskri játningarguðfræði þ.e. Jón Bjarnason og sporgöngumenn hans. Hins vegar voru það þeir sem hölluðust að frjálslyndum guðfræðiviðhorfum (einkum unitartrú og nýguðfræði) en slík viðhorf hafa gjarnan verið tengd nútímavæðingunni sterkum böndum. Báðir hópar stofnuðu öflug kirkjufélög sem skipuðu málum sínum á lýðræðislegan hátt á kirkjuþingum löngu áður en slíkt varð að veruleika í íslensku þjóðkirkjunni. Stofnað var „Hið evangelíska lúterska kirkjufélag Íslendinga í Vesturheimi“ að Mountain í Norður Dakota, í Bandaríkjunum í janúar 1885 og var fyrsti ársfundur þess haldinn í Winnipeg í júní sama ár. Ársþingin hafa verið borin saman við Alþingi Íslendinga hvað varðar félagslegt mikilvægi meðal Vestur-Íslendinga.¹³ Árið 1888 var og stofnað í North Dakota „Hið íslenska menningarfélag“ þar sem mikilvægur grunnur var lagður að frjálslyndri trúarhreyfingu meðal Vestur-Íslendinga. Frjálslyndu söfnuðirnir, sem voru dreifðir til að byrja með, voru loks sameinaðir undir hatt „Sameinaða Kirkjufélagsins í Norður Ameríku“ en stofnun þess var haldið í júní árið 1923 í Winnipeg. Báðir þessir hópar þ.e. hinir „íhaldssömu“ og hinir „frjálslyndu“ gáfu út öflug tímarit þar sem guðfræðilegum áherslum þeirra var haldið fram. Raunar voru Vestur-Íslendingar leiðandi á þessu sviði en *Sameiningin*, tímarit lúterska kirkjufélagsins var fyrsta kirkjulega tímarit Íslendinga beggja vegna hafs. Og eftirtektarvert er að þrátt fyrir ýmsan ágreining sameinuðust báðir hópar í áherslunni á hið þjóðlega og endurspeglast það ljóslega í því að bæði kirkjufélögin komu að stofnun Hins íslenska þjóðræknisfélags í Vesturheimi árið 1919. Stofnuð voru ótal félög á grundvelli beggja kirkjufélaga s.s. kvenfélög, ungmennafélög, bindindisfélög, lestrarfélög og voru sum þeirra t.d. sunnudagaskólarnir nýstárleg meðal Íslendinga. Þá kom hugmyndin um almennan menntaskóla á vegum lúterska kirkjufélagsins mjög snemma til umræðu og var skóli formlega stofnaður þó í smáum stíl væri árið 1914 og starfaði hann til ársins 1941.

¹³ *Saga Íslendinga í Vesturheimi* IV 1953. Ritsstjóri Tryggvi J. Oleson, Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík: bls. 394.

Draga má þá ályktun og niðurstöðu að kirkja Vestur-Íslendinga hafi gegnt þýðingarmiklu hlutverki við að binda félagsauð allt fram yfir miðja 20. öldina. Þá tók hlutverk hennar á hinn bóginn fremur að einkennast af því að brúa félagsauð. Birtist það með hvað gleggstum hætti í því, að um það leyti hættir íslenskan að vera megintungumál almenns kirkjustarfs og messuhalds og enskan fær yfirhöndina. Ennfremur tóku söfnuðir beggja kirkjufélaga á svipuðum tíma að renna saman við stærri „amerískar“ kirkjufélagsheildir, en Sambandskirkjufélagið gekk árið 1952 inn í allsherjarfélag únitara í Kanada. Og tíu árum seinna 1962, voru söfnuðir Evangelíska lúterska kirkjufélagsins felldir inn í Lútersku kirkjuna í Ameríku.

Hlutverk trúar- og kirkju meðal Vestur-Íslendinga virðist m.ö.o. í samræmi við það fjölpætta brúarhlutverk sem áhersla er lögð á í skýringarmódeli Handlin og Herberg. Margt bendir þó til þess að það hlutverk hafi verið enn víðtækara í þeim skilningi að áhrifa þess hafi gætt allt til gamla heimalandsins.

Að lokum

Á meðan kirkjufélögin vestra voru virk var rík viðleitni innan safnaðanna til þess að fá presta frá Íslandi til þjónustu og dvöldu allmargir íslenskir prestar ytra í þeim tilgangi. Flestir þeirra héldu þó til baka og tóku til starfa innan vébanda Þjóðkirkjunnar. Með þeim bærust ýmsir áhrifastraumar frá kirkjulífínu vestra. Þá voru kirkjuleg tímari Vestur-Íslendinga talsvert lesin af prestum héraendis. Böndin beinast þó ekki síst að tengslum þessa virka „brúarhlutverks“ trúar og kirkju Vestur-Íslendinga við mótun hugmyndarinnar um „íslenskt þjóðerni“. Á síðustu árum hefur kastljós rannsakenda beinst í auknum mæli að tengslum trúarbragða annars vegar og efnískum sérkennum hins vegar. Bent hefur verið á gagnkvæmt orsakasamband þar á milli — hvernig hvort um sig getur örvað hitt við sérstakar aðstæður— en aðlögun innflytjenda að nýjum menningarheimum hefur verið tekið sem dæmi um slíkar.¹⁴

Í þessu sambandi er því vert að velta fyrir sér hvort hin nánú tengsl trúar, kirkju og menningar sem birtast svo sterk meðal Vestur-Íslendinga við lok 19. aldar og upphaf þeirrar tuttugustu kunnu að hafa átt þátt í því að gefa hugmyndinni um „íslenskt þjóðerni“ hina

¹⁴ Mitchell, Claire 2006: „The Religious Content of Ethnic Identities.“ *Sociology* 40: bls. 1135-1152.

Söguping 2012. Ráðstefnurit. Sagnfræðistofnun, Reykjavík, 2013.

„móðerniseruðu“ trúarlegu vídd og hið helga inntak sem nauðsynlegt var í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga. Við slíkar vangaveltur verður hér þó látið staðar numið.